

1112. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 2. apríl, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Áður en gengið var til auglýstrar fundardagskrár bauð Ólafía Björk nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Sagði hún að allir stjórnarmenn, bæði aðalmenn og varamenn, hafi verið boðaðir í þetta sinn.

Næst óskaði hún eftir því að gerð yrði breyting á auglýstri fundardagskrá á þann veg að við 4. tl. bættist efnið „staða kjaraviðræðna“ og að skotið væri inn tveimur nýjum dagskrárliðum sem yrðu nr. 5 og nr. 6. Það væri efni sem Helga Ingólfssdóttir hefði óskað að yrði tekið fyrir og varðar annars vegar ósk um að skoðað verði áhrif þess að setja krónutölumörk við kjarasamningagerð og hins vegar fjölmiðlaumfjöllun um launamál formanns og stjórnenda hjá VR. Númer annarra dagskrárliða myndi breytast samkvæmt því.

Samþykkt að gera þessar breytingar á fundardagskrá.

1. Fundargerð 1111. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1111. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara

Ólafía Björk lagði til óbreytta skipan í embætti varaformanns og ritara þannig að Bjarni Þór yrði áfram varaformaður og Sigurður ritari.

Samþykkt með lófataki.

3. Skipað í eftirtaldar nefndir -

a) Stjórn sjúkrasjóðs

Rannveig Sigurðardóttir
Páll Örn Líndal
Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir, varamaður
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, varamaður

b) Stjórn orlofssjóðs

Sigurður Sigfússon
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Ragnar Þór Ingólfsson
Benedikt Vilhjálmsson, varamaður
Guðrún B Hallbjörnsdóttir, varamaður

c) Launanefnd

Birgir Már Guðmundsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Ásta Rut Jónasdóttir

d) Starfsmenntanefnd

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Svanhildur Þórsteinssdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Guðrún B Hallbjörnsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Eyrún Ingadóttir
Páll Örn Líndal, varamaður
Ásta Rut Jónsdóttir, varamaður

e) Húsnæðisnefnd

Bjarni Þór Sigurðsson
Helga Ingólfssdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Benóný Valur Jakobsson
Dóra Magnúsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafur Reimar, varamaður

f) Laganefnd

Rannveig Sigurðardóttir
Sigurður Sigfússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson, varamaður
Harpa Sævarsdóttir, varamaður

g) Samninganefnd

Rannveig Sigurðardóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Benóný Valur Jakobsson
Ólafía Björk Rafnsdóttir
Elías G. Magnússon forstöðumaður kjaramálasviðs VR
Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR
Viðar Ingason hagfræðingur VR

Umræður.

4. Kjarasamningur við ELKEM - staða kjaraviðræðna

Ólafía Björk sagði frá því að skrifað hefði verið undir nýjan kjarasamning vegna starfsmanna VR hjá ELKEM þann 21.03 2014 og mætti nálgast samninginn á stjórnarvefnum. Aðalatriðin eru þau að samningurinn framlengist til 31.01 2017 og innifalið eru allar hækkanir sem komu í okkar samningi þ.e. 2,8% hækkun, hækkun á desember- og orlofsuppbóta og auk þess er 6% bónus, sem áður var greiddur sérstaklega, nú settur inn í grunnlaunin. Félagsmenn hafa þegar samþykkt þennan samning.

Umræður.

Næst ræddi Ólafía Björk stöðuna í kjaraviðræðum en hún var á fundi í morgun í tengslum við þá. Búið er að stilla upp áætlun um tvo fundi í mánuði þar sem samninganefndin kemur saman og verið að skoða næstu skref.

Mun hún ásamt öðrum forystumönnum ASÍ hitta SA næsta mánudag og verður þar vonandi stillt upp tímaáætlun. Þann 07.04 2014 verður birt skýrslan um Evrópumálin á fundi á Grand Hótel Reykjavík. Viðræðuáætlun fer bráðum í gang en launaliðurinn verður ekki ræddur fyrr en í október og mun sá liður fara til Ríkissáttasemjara ef ekki hefur samist þann 15.02 2015. Ætlar hún að setja minnisblað um undirbúning kjarasamninga á stjórnarvefinn.

Umræður.

5. Krónutöllumörk í stað prósentuhækkana

Helga ræddi þá ósk sína að sérfræðingar VR í kjarasamningagerð skoði áhrif þess að setja krónutöllumörk sem leysa af hólmi prósentuhækkun launa við ákveðna launafjárhæð. Vildi hún að það yrði skoðað hvað hefði gerst ef við hefðum sett þak í hina áttina. Hefði þá náðst hærri prósentuhækkun? Hún vill vinna að því að minnka launabilið og nota tækifærið nú þar sem núverandi samningur sé stuttur. Leggur hún til að starfsmenn skoði þetta.

Umræður.

Ólafía Björk sagði að þetta yrði unnið áfram í samninganefndinni.

6. Launamál formanns og stjórnenda VR í fjölmiðlum

Helga sagðist hafa séð að Viðskiptablaðið (VB) hefði óskað eftir upplýsingum um laun formanns, framkvæmdastjóra og stjórnenda hjá VR. Vildi hún vita hvers vegna þær upplýsingar hefðu ekki verið veittar blaðinu.

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað um veitingu launaupplýsinga af hálfu vinnuveitenda til þriðja aðila*“ og fór lauslega yfir efni þess. Í máli hans kom fram að í bréfi VB hefðu verið nafngreindir fimm starfsmenn og óskað nákvæmra upplýsinga um laun þeirra og kjör. Sagðist hann hafa svarað þeim á nákvæmlega sama hátt og við svörum félagsmönnum okkar um það hvort vinnuveitendur megi gefa upp laun þeirra til þriðja aðila. En slíkt er óheimilt þar sem það snýst um friðhelgi einkalífs starfsmanna samkvæmt 71. gr. stjórnarskrár Íslands auk þess sem Persónuvernd hefur úrskurðað um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga nema sá samþykki sem í hlut á. Þannig snýr launaleyndin að launþeganum sjálfum. Hann má segja hvað hann er með í laun en vinnuveitandi hans má ekki bera út upplýsingar um launakjör starfsmannsins. Það sé því einfaldlega ekki heimilt að gera þetta.

Helga þakkaði fyrir þessi greinargóðu svör.

Umræður.

7. Trúnaðarmenn

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Nýir trúnaðarmenn*“ dags. 01.04 2014 og las upp nöfn trúnaðarmanna til samþykktar:

| | | |
|-----------------------------|---------------------|------------|
| Unnur María Pálmadóttir | 365 miðlar ehf. | Nýr |
| Kristján Einarsson | 365 miðlar ehf. | Nýr |
| Hrefna Þórisdóttir | ÍSAM ehf. | Nýr |
| Brynja Rut Sigurðardóttir | ÍSAM ehf. | Nýr |
| Þórný Birgisdóttir | Rekstrarvörur ehf. | Endurnýjun |
| Hildur Sunna Rúnarsdóttir | Sláturfélag Suðurl. | Nýr |
| Sólveig Sigríður Sigurðard. | Læknasetrið ehf. | Nýr |
| Kristinn Örn Jóhannesson | Primera Air | Nýr |
| Pálína Reynisdóttir | Primera Air | Nýr |
| Áróra Kristín Hólmfríðard. | Sagafilm | Nýr |

Samþykkt.

8. Vinnufundur stjórnar 9. apríl n.k. vegna komandi ASÍ þings

Ólafía Björk ræddi komandi vinnufund og sagði að hann hæfist kl. 17:30 þann 9. apríl n.k. Búið væri að setja upp sérstaka möppu um málefni ASÍ á stjórnarvefinn vegna þessa. Dagskrá fundarins er að mestu klár. Við ætlum að skoða hvað ASÍ er og stjórnkerfi þess. Hún óskar eftir því að þeir sem eigi sæti í nefndum á vegum ASÍ komi með minnisblað og fjalli um þau störf til kynningar. Fleiri gögn verða svo sett inn eftir því sem líður nær. Þetta er hugsað sem upplýsingafundur en ekki verða teknar ákvarðanir þar. Notum svo vinnufundinn í maí n.k. en nóg er að gerast nú á næstu vikum og mun Ólafía Björk senda fundarmönnum skjal með helstu dagsetningum viðburða. Ræddi hún í þessu samhengi kröfugönguna 1. maí en hún sagði að þar væri skyldumæting stjórnarmanna. Kaffi verður svo á eftir í anddyri Laugardalshallarinnar. Fór hún þá yfir það helsta sem verður á döfinn á næstunni.

Fundi slitið kl. 20:00

Árni Leósson fundarritari